



Félagslög Stangaveiðifélags Akraness

1. gr.

Félagið heitir Stangaveiðifélag Akranes og er heimilisfang þess Akraneskaupstaður.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að taka á leigu veiðiár og vötn til afnota fyrir félagsmenn, eða framleigu, ef veiðivötnin eru ekki fullnotuð af félagsmönnum.
2. Að vinna á móti því að notaðar séu veiðiaðferðir, sem eru ólöglegar, eða líklegar til að spilla stangveiði.
3. Að auka félagslyndi og samvinnu þeirra manna, er áhuga hafa á stangveiði.
4. Að veita félagsmönnum fræðslu um lax- og silungsveiði eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Félagsmönnum er skylt að virða venjulegar viðurkenndar veiðireglur, að koma drengilega og vinalega fram við félagsmenn og viðskiptamenn félagsins, ennfremur að hlýta lögum og reglum félagsins í einu og öllu.

4. gr.

Árgjald og stofngjald skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert. Stofngjald er óafturkræft

5. gr.

Í stjórn félagsins skulu kosnir 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn árlega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Aldrei skulu kosnir í aðalstjórn nema 2 nýjir meðstjórnendur árlega. Kjósa skal 2 meðstjórnendur til vara og 2 skoðunarmenn. Kosning skal vera skrifleg. Stjórnarkosning skal fara fram á aðalfundi ár hvert. Allir fullgildir félagsmenn eru kjörgengnir til stjórnarkjörs. Formaður kveður til stjórnarfundar er þörf krefur eða þegar þrír stjórnarmenn óska þess. Stjórnarmaður, sem ekki getur sótt stjórnarfund skal kveðja þann varamann er hann vill til að sitja fund í sinn stað. Verði þessu ekki við komið, kveður formaður varamenn eftir atkvæðamagni því, er þeir hafa hlotið við kosningu. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

6. gr.

Lögmætir félagsfundir úrskurða í félagsmálum sem ekki falla undir aðalfund skv. lögum þessum. Til félagsfunda skal boða með minnst ein dags fyrirvara og skal til hans boðað með sambærilegum hætti og til aðalfundar. Fundi skal halda er þörf krefur, að dómi félagsstjórnar, eða ef minnst 5 félagsmenn óska þess skriflega til stjórnarinnar, enda geri þeir grein fyrir fundarefni. Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. febrúar ár hvert. Stjórnin skal boða til aðalfundar með minnst sjö daga fyrirvara, með tilkynningu á heimasíðu félagsins, bréfsendingu til félagsmanna eða með auglýsingu í staðarblaði.

Verkefni aðalfundar:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Fundargerð síðasta aðalfundar.
3. Skýrsla formanns stjórnar.
4. Endurskoðaðir reikningar.
5. Lagabreytingar.
6. Ákvörðun árgjalds og stofngjalds.
7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
8. Önnur mál.



7. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli funda. Hún sér um útvegum veiðiréttinda, sbr. 2. gr. 1. málsg., og gerir samninga um þau í umboði félagsins. Stjórnin ber þó öll meiriháttar fjárhagsmál undir félagsfund að svo miklu leyti sem við verður komið.

Stjórnin annast undirbúning og úthlutun veiðileyfa, ákveður verð á þeim og setur reglur um veiði í einstökum vötnum. - Skulu skuldlausir félagar sitja fyrir um veiðileyfi tilskilinn tíma samkv. úthlutunarreglum, er stjórnin setur hverju sinni.

8. gr.

Óheimilt er félagsmanni að bjóða í veiðivatn í samkeppni við félagið eða taka að sér, að leigja út vötn sem félagið leitar eftir að fá til útleigu. Ennfremur er félagsmanni óheimilt að kaupa veiðileyfi af veiðiréttareigendum á því veiðisvæði sem félagið er leigutaki að. Félagsmanni er óheimilt að framselja veiðileyfi til utanfélagsmanna án samráðs við stjórn félagsins.

9. gr.

Verði félagi staðinn að veiði í óleyfi eða beiti veiðiaðferðum, sem eru óleyfilegar samkv. landslögum eða félagslögum, skal hann sviptur veiðirétti á öllum veiðisvæðum, sem félagið ræður yfir, um eitt veiðitímabil og við ítrekað brot gerður rækur úr félaginu.

10. gr.

Standi félagi í vanskilum við félagið í tvö ár, nýtur hann ekki félagsréttinda næsta veiðitímabil og eftir vanskil í þrjú ár í röð, skal hann gerður rækur úr félaginu að fullu. Þó má taka tillit til veikinda eða slæmra aðstæðna.

11. gr.

Lögum þessum má breyta á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn amk. þremur vikum fyrir aðalfund. Senda skal tillögur til lagabreytinga með aðalfundarboði. Til lagabreytinga þarf tvo þriðju atkvæða mættra félagsmanna.

12. gr.

Félaginu verður ekki slitið nema á aðalfundi með samþykki meirihluta allra skuldlausra félagsmanna. Tillaga um slit á félaginu skal getið í aðalfundarboði. Aðalfundur ráðstafar eignum félagsins.

Samþykkt félagslög á aðalfundi SVFA 13. janúar 2015.
Breyting á lögum samþykktum 8. febrúar 1999.

Stjórn SVFA